


Ársreikningur 2009

Lífeyrissjóður starfsmanna

Kópavogsbæjar



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar.....	2-4
Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna.....	5
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar.....	9-13
Sundurlíðanir.....	14
Kennitölur.....	15

**Stjórn:** Hlynur Jónsson, formaður  
Guðrífður Arnardóttir  
Ármann Kr. Ólafsson  
Guðrún Pálsdóttir  
Ragnar Snorri Magnússon

**Varamenn:** Helga Elínborg Jónsdóttir  
Tómas Jónsson

**Framkvæmdastjóri:** Auður Finnbogadóttir

**Endurskoðandi:** PricewaterhouseCoopers hf.  
Hjalti Schiöth

**Skoðunarmenn:** Halldór Jónsson  
Steini Þorvaldsson

**Endurskoðunarnefnd:** Hlynur Jónsson, formaður  
Hallgrímur Þorsteinsson  
Sigríður Olgeirsdóttir

# Ársskýrsla stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

Aðstæður voru afar óvenjulegar á árinu 2009 hvað varðar stjórnun sjóðsins. Núverandi stjórn tók við stjórnartaumunum 1. september 2009 af umsjónarmanni sjóðsins í framhaldi af breytingum á samþykktum sjóðsins sem samþykktar voru á aukaárfundi sjóðfélaga 7. ágúst 2009. Umsjónarmaður var skipaður af fjármálaráðherra þann 19. júní 2009 að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins vegna meintra brota í starfsemi sjóðsins. Í framhaldinu var þáverandi stjórn sjóðsins vikið frá og framkvæmdastjóra vikið úr starfi. Umsjónarmaður tók við verkefnum stjórnar og framkvæmdastjóra. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn til sjóðsins og hóf hann störf 17. ágúst 2009.

Á árinu voru haldnir tíu stjórnarfundir.

Á tímabilinu september til desember var auk hefðbundinna stjórnarstarfa m.a. hugað að endurskoðun samþykpta og reglna, farið í endurbætur á utunumhaldi á eignum sjóðsins og innleitt verðbréfafakerfið Jóakim, færslu bókhalds var úthýst til að uppfylla skilyrði um aðgreiningu starfa, og unnið að innleiðingu á réttindakerfinu Jóakim. Sú innleiðing hófst í nóvember 2008 og henni lauk í janúar 2010. Skipuð var ný endurskoðunarnefnd og samþykkt ný fjárfestingarstefna sjóðsins.

Stjórn samþykkti á fundi sínum í september að huga ætti að útvistun sjóðsins, í samræmi við ályktun sjóðfélagafundar, og voru tilboð þess efnis lögð fyrir stjórn í desember. Í janúar 2010 samþykkti stjórn samning um útvistun á daglegum rekstri sjóðsins, þ. á m. eignastýringu, við Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Þann 1. mars n.k. mun því allur rekstur sjóðsins flytjast til LSS og LSS mun taka við framkvæmdastjórn sjóðsins frá þeim tíma. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogs verður áfram rekinn á eigin kennitölu og með eigin stjórn.

## Iðgjöld og lífeyrir.

Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2009 námu 173,9 milljónum króna. Þar af nam aukaframlag launagreiðenda 108,9 milljónum króna. Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2008 námu 159,3 milljónum króna og hækka lífeyristekjur um 9,2% milli ára.

Greiðendur iðgjalda til sjóðsins voru að meðaltali 146 á árinu 2009 en 155 árið 2008. Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað og hætt að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum. Þrátt fyrir fækkun sjóðfélaga hækka iðgjaldatekjur milli ára.

Heildargreiðslur lífeyris námu á árinu 198 milljónum króna en voru 179,5 milljónir króna árið 2008 sem er 10,3% hækkan milli ára. Um síðustu áramót greiddi sjóðurinn 225 (224) einstaklingum lífeyri sem skiptist þannig (tölur innan sviga eru fyrir árið 2008):

159 (159) fengu greiddan ellilífeyri, 42 (41) fengu makalífeyri, og 24 (24) fengu greiddan örorkulífeyri. Engin umsókn hefur borist um greiðslu barnalífeyris síðustu ár.

Í árslok 2009 voru um 18% lífeyrisþega á eftirmannsreglu en lífeyrisgreiðslur um 82% lífeyrisþega fylgja meðaltalsreglunni.

Vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn hækkaði á árinu 2009 um 9,8%.

## Fjárfestingar.

Á árinu 2009 voru keypt verðbréf fyrir samtals 1.950 milljónir króna. Þar af voru keypt verðbréf með föstum tekjum fyrir 1.753 milljónir króna. Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum námu 10 milljónum króna. Kaup á veðskuldabréfum námu 187 milljónum króna á árinu. Sala verðbréfa nam 1.392 milljónum króna árið 2009, þar af voru seld verðbréf með breytilegum tekjum 15 milljónir króna og seld verðbréf með föstum tekjum námu 1.248 milljónum króna. Sala veðskuldabréfa nam 130 milljónum króna.

## Tryggingafræðileg athugun.

Tryggingafræðileg athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2009 var framkvæmd af Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf.. Samkvæmt þeirri úttekt námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins í árslok 2009 7.268 milljónum króna. Á móti þessum skuldbindingum var endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris 2.937 milljónir króna, eða sem svarar 40% af áföllnum skuldbindingum.

Hrein eign sjóðsins, án endurmat, nam 2.801 milljónum króna í árslok 2009 en var 2.436 milljónir króna í árslok 2008. Hækkun hreinnar eignar milli ára er því 365 milljónir króna eða sem nemur 15%.

## Ávöxtun.

Nafnávöxtun á árinu 2009 var jákvæð um 14,7% sem samsvarar 6,8% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára var 2,3%.

Innlend hlutabréfabréfeign er nú óveruleg, eða um 11 milljónir króna, og íslenskur hlutabréfamarkaður var óvirkur á árinu 2009.

Hækkun erlendra hlutabréfasjóða í eigu sjóðsins var 36% á árinu. Til samanburðar hækkaði MSCI, heimsvísitala hlutabréfa um 31,42% í USD, umreiknað í íslenskar krónur var hækkunin 35,62%.

Hækkun innlendra ríkisskuldabréfasjóða í eigu sjóðsins var til meðallangs tíma 16% á árinu og til langs tíma 16,3%. Til samanburðar hækkaði GAMMAXI vísitala óverðtryggrða ríkisbréfa um 18,7% og GAMMAi vísitala verðtrygðra íbúðabréfa hækkaði um 17,67% á árinu.

Vísitala neysluverðs hækkaði úr 328 stigum í 354 stig eða um 7,9 % á árinu 2009.

## Afskriftir verðbréfa.

Á árinu 2009 hefur verið töluvert um að fyrirtæki hafi farið í nauðasamninga við kröfuhafa eða í þrot. Í ársreikningi sjóðsins hafa verið færðar varúðarniðurfærslur, aðallega vegna fyrirtækjaskuldabréfa í eigu sjóðsins, og munar þar mestu um skuldabréf Bakkavarar og Exista samtals að fjárhæð tæplega 60 milljónir kr.

Eign í skuldabréfasjóði 1, A og B, hefur lækkað töluvert á árinu vegna afskrifta í þeim sjóði eða um u.þ.b. 30 milljónir kr. Sá sjóður er blandaður skuldabréfasjóður sem fjárfesti töluvert í skuldabréfum fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja. Tekin hefur verið ákvörðun hjá Íslandssjóðum um slit hans og útgreiðslur hefjast til eigenda eftir því sem hægt er.

## Fjöldi starfsmanna, launagreiðslur og rekstrarkostnaður.

Framkvæmdastjóri er eini starfsmaður sjóðsins í 80% starfi. Heildarlaunagreiðslur til hans voru 8,7 milljónir króna á árinu 2009. Heildarfjárhæð greiddra stjórnarlauna á árinu 2009 var 1,3 milljónir króna.

Rekstrarkostnaður sjóðsins var 23,5 milljónir króna á árinu sem er 0,8% af hreinni eign sjóðsins. Rekstrarkostnaður jókst töluvert, aðallega vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu sem kom til vegna meintra brota og aðgerða fjármálaráðuneytis og FME.

## Framtíðarþróun sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn hefur verið starfandi frá árinu 1958 og þeir einir mátt greiða í hann sem starfað hafa hjá Kópavogsbæ eða stofnunum hans. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998 og þeir einir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins í júní 1998 fengu áfram aðild að sjóðnum. Greiddandi sjóðfélögum fer því fækkandi ár frá ári og mun sú þróun halda áfram samhliða fjölgun lífeyrisþega.

Kópavogsbær ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sjóðsins og greiðir árlega aukaframlag til hans sem er tiltekið hlutfall lífeyrisgreiðslna. Á árinu 2009 nam aukaframlag Kópavogsbæjar 55% af lífeyrisgreiðslum. Fjárhæð aukaframlags mun fara hækkanði vegna hækkunar lífeyris og fjölgunar lífeyrisþega. Jafnframt greiðir Kópavogsbær allan rekstrarkostnað við sjóðinn sem á árinu 2009 nam 23,5 milljónum króna.

Samkvæmt úttekt tryggingastærðfræðings sem gerð var á árinu 2007 vegna ársins 2006 á greiðslum launagreiðenda og eignum sjóðsins munu lífeyrisgreiðslur fara hækkanði ár frá ári og verða í hámarki á árinu 2030. Míðað við 3,5% ávöxtunarkröfu munu eignir sjóðsins verða uppnar árið 2049 og mun þá bakábyrgð Kópavogsbæjar taka til allra lífeyrisskuldbindinga. Lokun sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum er áætluð á árinu 2070.

Stjórn LSK tók ákvörðun um að láta endurreikna tryggingafræðilega athugun vegna ársins 2009.


Þeirri vinnu lýkur ekki fyrir áritun ársreiknings. Verði breytingar á lífeyrisskuldbindingu vegna þessa mun það ekki hafa áhrif á fjárhagslegar upplýsingar ársreiknings þar sem skuldbinding er liður utan efnahags lífeyrissjóðsins.

Stjórn tók einnig ákvörðun um að hefja átaksverkefni við söfnun upplýsinga í réttindakerfi sjóðsins um sjóðfélaga með geymd réttindi, verðtryggt og óverðtryggt, til að tryggja meiri nákvæmni í tryggingafræðilegum útreikningum og auðvelda afgreiðslu lífeyrisumsókna.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Kópavogi, 15. mars 2010

Stjórn:

  
Arnarinn & Ólafur  
Ragnheiður Magnúsdóttir  
Sigríður Arnadóttir  
Guðrún Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

  
Guðrún Þorvaldsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðferða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðgerðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 17. mars 2010

PricewaterhouseCoopers hf.




lögiltur endurskoðandi

Við undirritaðir skoðunarmenn ársreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar höfum yfirfarið ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogi, 17. mars 2010

Kjörnir skoðunarmenn:



## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	2009	2008
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga.....	5	23.124.053	21.410.227
Iðgjöld launagreiðenda.....	5	41.933.287	39.239.474
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....	20	0	(86.105)
Aukaframlag launagreiðenda.....	17	108.927.338	98.729.462
<b>Iðgjöld</b>		<b>173.984.678</b>	<b>159.293.058</b>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir.....	8, 10	198.049.705	179.508.113
<b>Lífeyrir</b>		<b>198.049.705</b>	<b>179.508.113</b>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	6, 12	4.283.908	(124.908.298)
Vaxtatekjur og gengismunur.....	7,13	466.404.094	143.631.578
Breytingar á niðurfærslu.....	3	(82.051.190)	(66.943.206)
<b>Fjárfestingartekjur</b>		<b>388.636.812</b>	<b>(48.219.926)</b>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	14, 19	3.206.671	3.124.949
<b>Fjárfestingargjöld</b>		<b>3.206.671</b>	<b>3.124.949</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	19	8.420.978	6.101.278
Annar rekstrarkostnaður.....	21	11.957.421	4.825.884
<b>Rekstrarkostnaður</b>		<b>20.378.399</b>	<b>10.927.162</b>
<b>Aðrar tekjur .....</b>	<b>11</b>	<b>23.585.070</b>	<b>14.052.111</b>
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu .....		364.571.785	(68.434.981)
Hrein eign frá fyrra ári.....		2.436.644.580	2.505.079.561
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris.....</b>		<b>2.801.216.365</b>	<b>2.436.644.580</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

## Eignir

	Skýr.	2009	2008
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	2, 15	1.305.936.722	1.067.320.310
Verðbréf með föstum tekjum.....	2, 15, 18	1.151.070.568	634.041.732
Veðlán.....	15	160.571.134	123.361.594
Aðrar fjárfestingar.....	16	10.500.000	16.800.000
<b>Fjárfestingar</b>		<b>2.628.078.424</b>	<b>1.841.523.636</b>
<b>Kröfur</b>			
Aðrar kröfur.....	22	521.658	853.915
<b>Kröfur</b>		<b>521.658</b>	<b>853.915</b>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltinnlán.....		207.591.297	621.395.417
<b>Aðrar eignir</b>		<b>207.591.297</b>	<b>621.395.417</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>2.836.191.379</b>	<b>2.463.772.968</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir.....	23	34.975.014	27.128.388
<b>Skuldir samtals</b>		<b>34.975.014</b>	<b>27.128.388</b>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris.....</b>		<b>2.801.216.365</b>	<b>2.436.644.580</b>
Mat á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga.....	17		

# Sjóðstreymi árið 2009

	2009	2008
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld.....	181.831.304	132.164.670
Fjárfestingartekjur.....	73.885.687	85.474.708
Aðrar tekjur.....	23.585.070	14.052.111
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	14.609.118	834.142.759
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	1.248.218.343	1.011.861.545
Seld veðskuldabréf.....	129.559.934	0
Afborganir verðbréfa.....	85.896.070	279.202.500
	<u>1.757.585.526</u>	<u>2.356.898.293</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir.....	198.049.705	179.508.113
Fjárfestingargjöld.....	3.206.671	3.124.949
Rekstrargjöld.....	20.378.399	10.927.162
	<u>221.634.775</u>	<u>193.560.224</u>
<b>Ráðstöfunarfé</b>	<u>1.535.950.751</u>	<u>2.163.338.069</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	10.059.371	337.921.971
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	1.752.896.047	1.231.296.173
Ný veðlán.....	186.799.453	0
	<u>1.949.754.871</u>	<u>1.569.218.144</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>	<b>( 413.804.120)</b>	<b>594.119.925</b>
Handbært fé 1. janúar.....	621.395.417	27.275.492
<b>Handbært fé 31. desember.....</b>	<b>207.591.297</b>	<b>621.395.417</b>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við samningu reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg niðurstaða t.d. við innlausn eða sölu þeirra liða, sem tengjast matinu, getur hins vegar orðið önnur en niðurstaða samkvæmt matsaðferðunum.

### Verðbréf

2. Verðbréf sem eru í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréf með veði í fasteignum.

Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Erlend verðbréf sjóðsins sem eru skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum eru eignfærð á markaðsvirði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í árslok. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í árslok. Innlend hlutabréf sjóðsins sem eru skráð í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum miðað við vaxtakjör bréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Áföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti.

### Niðurfærslusjóður vegna skuldabréfa

3. Niðurfærslusjóður skuldabréfa nam 149,0 millj. kr. í árslok 2009 og hækkaði um 82,1 millj. kr. frá árinu áður. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur vegna þeirra útlána sem kunna að tapast. Við mat á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum er leitast við að meta virði einstakra krafna í vanskilum út frá fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi kröfur.

### Erlendir gjaldmiðlar

4. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok árs. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### Iðgjöld

5. Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem hafa borist sjóðnum frá Kópavogsbæ, Tónlistarskóla Kópavogs og Fæðingarorlofssjóði Vinnuámalastofnunar.

## Tekjur af eignarhlutum

6. Undir tekjum af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur hlutabréfa, jafnt vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

## Vaxtatekjur og gengismunur

7. Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og innlánnum. Einnig falla undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

## Lífeyrir

8. Gjaldfærsla lífeyrisgreiðslna fer fram þegar réttur til lífeyris er nýttur. Um gjaldfærslu og greiðslu lífeyris gilda lög nr. 129 frá 23. desember 1997 með áorðnum breytingum, svo og reglugerðir Fjármálaeftirlitsins og samþykktir lífeyrissjóðsins.

## Fjárfestingargjöld, rekstrarkostnaður

9. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Lífeyrir

10. Sundurliðun lífeyrisgreiðslna:

	2009	%	2008	%
Elkílífeyrir.....	147.689.532	74,6%	125.889.040	70,1%
Makalífeyrir.....	34.256.342	17,3%	34.968.180	19,5%
Örorkulífeyrir.....	16.103.831	8,1%	18.650.893	10,4%
	<u>198.049.705</u>	<u>100,0%</u>	<u>179.508.113</u>	<u>100,0%</u>

## Aðrar tekjur

11. Framlag Kópavogsbæjar vegna þátttöku í rekstrarkostnaði ..... 23.585.070

## Fjárfestingartekjur

12. Fjárfestingartekjur af hlutabréfum:

Innlend hlutabréf.....	4.283.908
Erlend hlutabréf.....	<u>0</u>
	<u>4.283.908</u>

13. Vaxtatekjur og gengismunur:

Innlend skuldabréf o.fl.....	210.383.106
Hlutdeildarskírteini .....	231.472.611
Bankainnstæður .....	23.803.516
Dráttarvextir.....	<u>744.861</u>
	<u>466.404.094</u>

## Fjárfestingargjöld

14. Hlutdeild í launakostnaði.....		3.608.991
Innheimtu- og fjárvörsluþóknun.....		( 402.320)
		<u>3.206.671</u>

## Fjárfestingar

15. Yfirlit verðbréfacignar:

	Innlend	Erlend	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	430.643.756	875.292.967	1.305.936.722
Verðbréf með föstum tekjum.....	1.151.070.568		1.151.070.568
Veðlán .....	160.571.134		160.571.134
	<u>1.742.285.458</u>	<u>875.292.967</u>	<u>2.617.578.424</u>

Veðlánin sundurliðast þannig:

Sjóðsfélagar.....		0
Aðrir.....		160.571.134
		<u>160.571.134</u>

### Innlend hlutabréf:

		Nafnverð	Markaðsverð/ Bókfært verð
Bakkavör hf.....	Skráð	178.000	356.000
Marel.....	Skráð	63.500	3.862.500
Teymi hf.....	Óskráð	2.544.449	3.053.339
Össur hf.....	Skráð	25.000	3.962.400
			<u>11.234.239</u>

### Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini:

	Mynt	Markaðsverð/ Bókfært verð
Foroya bank.....	DKK	<u>2.072.397</u>

Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum:

ACM Global Growth Trends.....	USD	178.458.957
Gartmore Emerging Markets.....	USD	50.285.325
JP Morgan Global Dynamic Fund.....	USD	163.250.780
Kaupthing Manager Selection.....	EUR	99.466.554
Sparinvest Global Value.....	EUR	131.097.128
Vanguard European Stock Index.....	USD	83.366.937
Vanguard Global Stock Index.....	USD	167.294.889
		<u>873.220.570</u>

**Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:**

	ISK	USD	EUR	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	32,98%	49,21%	17,81%	100,00%
Verðbréf með föstum tekjum.....	100,00%	0,00%	0,00%	100,00%
Veðlán .....	100,00%	0,00%	0,00%	100,00%
Fullnustueignir .....	100,00%	0,00%	0,00%	100,00%

16. Fullnustueign sjóðsins í árslok 2009 er fohelt einbýlishús að Klettagljúfri 2, Ölfusi, sem sjóðurinn keypti á nauðungaruppboði til tryggingar veittu veðláni frá árinu 2005. Bókfært virði er kaupvirði, að frádreginni 50% niðurfærslu að fjárhæð 10,5 milljónum króna.

**Tryggingafræðileg úttekt**

17. Tryggingafræðileg úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins fór fram miðað við árslok 2009. Verðbréf með föstum tekjum og veðlán voru núvirt miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu. Sundurliðun tryggingafræðilegrar úttektar í milljónum króna greinist þannig:

Eignir:	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Heildar skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	2.801.216		2.801.216
Núvirðing verðbréfa.....	135.420		135.420
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	603.995	603.995
Eignir samtals	<u>2.936.636</u>	<u>603.995</u>	<u>3.540.631</u>

**Skuldbindingar:**

Ellilífeyrir.....	5.741.077	1.316.134	7.057.211
Örorkulífeyrir.....	264.489	74.450	338.939
Makalífeyrir.....	1.260.764	165.691	1.426.455
Barnalífeyrir.....	1.635	0	1.635
Skuldbindingar samtals.....	<u>7.267.965</u>	<u>1.556.275</u>	<u>8.824.240</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	( 4.331.329)	( 952.280)	( 5.283.609)
Í hlutfalli .....	-59,6%	-61,2%	-59,9%

Það er ekki gert ráð fyrir að iðgjöld til sjóðsins og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 23. grein samþykktu sjóðsins skulu bæjarsjóður Kópavogs og aðrir launagreiðendur greiða aukaframlag, tiltekinn hundradshluta, greidds lífeyris samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar að fenginni umsögn sjóðsstjórnar og tryggingastærðfræðings. Hlutdeild bæjarsjóðs og annarra launagreiðenda var 55% árið 2009 og er því stæða sjóðsins neikvæð um 6-7% miðað við að áfram verði greitt 55%. Sjá töflu að neðan:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Heildar skuldbinding
Hlutdeild bæjarsjóðs og annarra launagreiðenda.....	3.997.381	855.951	4.853.332
Stæða að teknu tilliti til framlaga.....	(333.948)	(96.329)	(430.277)
Í hlutfalli .....	-4,6%	-6,2%	-4,9%

Stjórn LSK tók ákvörðun um að láta endurreikna tryggingafræðilega athugun vegna ársins 2009. Þeirri vinnu lýkur ekki fyrir áritun ársreiknings. Verði breytingar á lífeyrisskuldbindingu vegna þessa mun það ekki hafa áhrif á fjárhagslegar upplýsingar ársreiknings þar sem skuldbinding er liður utan efnahags lífeyrissjóðsins.

## Önnur mál

18. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar í efnahagsreikningi á 1.151.071 þúsundir króna, sbr. skýringu 2. Í árslok 2009 var áætlað markaðsvirði þessara eigna 1.152.677 þúsund krónur.

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig: 2009

Laun .....	10.087.109
Launatengd gjöld.....	1.942.860
Hlutdeild í launakostnaði sbr. skýringu 14.....	(3.608.991)
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>8.420.978</u>

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf..... 0,8

Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins Laun

Frankvæmdastjóri:

Sigrún Ágústa Bragadóttir.....	6.139.289
Auður Finnbogadóttir.....	<u>2.630.565</u>
	<u>8.769.854</u>

Stjórnarlaun:

Gunnar I. Birgisson.....	196.671
Helga Elínborg Jónsdóttir.....	34.721
Hlynur Jónsson.....	376.000
Guðrún Pálsdóttir.....	52.082
Jón Júlíusson.....	108.022
Ómar Stefánsson.....	88.733
Ármann Kristinn Ólafsson.....	69.443
Flosi Eiríksson.....	88.733
Sigrún Guðmundsdóttir.....	106.094
Gunnsteinn Sigurðsson.....	19.290
Rita Arnfjörð.....	19.290
Guðríður Arnardóttir.....	69.443
Hafsteinn Karlsson.....	36.651
Ragnar S. Magnússon.....	<u>52.082</u>
	<u>1.317.255</u>

Þóknun til endurskoðenda var 4.570 þúsund kr. og skiptist á eftirfarandi hátt: endurskoðun 3.295 þús.kr., og önnur þjónusta 1.275 þúsund kr.

Verktakalaun voru greidd til Elínar Jónsdóttur, skipaðs umsjónarmanns sjóðsins, að fjárhæð 2.771 þús. kr.

# Sundurliðanir ársins 2009

	2009	2008
<b>20. Réttindaflutningur</b>		
Frá sjóðnum.....	0	( 86.105)
<b>Réttindaflutningur</b>	<b>0</b>	<b>( 86.105)</b>
<b>21. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð.....	4.570.060	2.239.125
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	4.718.561	537.840
Pappír og ritföng.....	33.802	32.658
Fjármálaeftirlitið.....	1.830.785	1.206.000
Áskriftargjöld.....	0	134.250
Félagsgjöld.....	27.298	38.218
Fundarkostnaður og risna.....	43.276	14.636
Símakostnaður.....	271.532	198.138
Auglýsingar.....	101.257	122.631
Fasteignagjöld.....	23.754	77.231
Ýmis kostnaður.....	337.096	225.157
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>11.957.421</b>	<b>4.825.884</b>
<b>22. Aðrar kröfur</b>		
Útlagður kostnaður og ýmsar kröfur.....	521.658	823.915
<b>Aðrar kröfur</b>	<b>521.658</b>	<b>823.915</b>
<b>23. Aðrar skuldir</b>		
Bæjarsjóður Kópavogs.....	33.663.450	27.128.388
Viðskiptaskuldir.....	1.311.564	0
<b>Aðrar skuldir</b>	<b>34.975.014</b>	<b>27.128.388</b>

# Kennitölur ársins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun.....	6,8%	-15,7%	-0,4%	9,1%	14,4%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára.....	2,3%	2,0%	7,0%	6,1%	4,4%
Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	49,8%	58,5%	69,2%	62,7%	64,1%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum .....	37,0%	31,9%	22,0%	24,4%	12,7%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum .....	7,0%	2,8%	2,1%	0,7%	1,0%
Veðlán .....	6,1%	6,8%	6,8%	12,2%	22,2%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	66,6%	64,8%	69,8%	75,0%	77,2%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	33,4%	35,2%	30,2%	25,0%	22,8%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga.....	146	155	163	164	193
Fjöldi lífeyrisþega.....	225	224	219	214	200
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	74,6%	71,0%	70,3%	71,0%	74,8%
Örorkulífeyrir .....	17,3%	10,7%	10,0%	9,4%	19,7%
Makalífeyrir .....	8,1%	18,3%	19,6%	19,2%	5,0%
Barnalífeyrir.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,5%	0,5%
	100%	100%	100%	100%	100%
Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	-59,9%	-60,6%	-55,6%	-56,4%	-52,5%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	-59,6%	-60,5%	-54,2%	-53,4%	-56,1%

Samkvæmt 6. gr. samþykktu lífeyrissjóðsins greiðir Kópavogsbær allan rekstrarkostnað sjóðsins. Jafnframt greiðir bæjarsjóður Kópavogs sem aukaframlag 55% af lífeyrisgreiðslum ársins samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar.

Við útreikning ávöxtunar sjóðsins er beitt meðaltalsaðferð samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000.